

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2013

Efni: Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslnnar hf. á Seyðisfirði
Umsókn um endurnýjun starfsleyfis

Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479, Strandarvegi 1-11, 710 Seyðisfirði, óskar hér með eftir endurnýjun starfsleyfis fyrir fiskimjölsverksmiðju fyrirtækisins á Seyðisfirði.

Gildandi starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslnnar á Seyðisfirði var gefið út af Hollustuvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, þann 23. september 2003. Litlar sem engar breytingar hafa orðið á tækjabúnaði verksmiðjunnar frá útgáfu starfsleyfisins. Helstu breytingar hafa snúið að bættri orkunýtingu, uppsetningu á rafskautakatli í stað oliuketils og uppsetningu rafknúnins eimingabúnaðar (MVR) í stað gufuknúinna eimingatækja og almennt að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

Eins og fram kemur í 2. mgr. reglugerðar nr. 785/1999 þurfa ákveðnar upplýsingar að fylgja umsóknum sem þessari eins og við á hverju sinni. Hér á eftir eru þau atriði sem talin eru upp í þessari málsgrein reglugerðarinnar tíunduð og settar fram upplýsingar um hvert þeirra eins og við á.

- a. Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu

Um er að ræða fiskimjölsverksmiðju á Seyðisfirði. Afkastageta verksmiðjunnar er að jafnaði 1.200 tonn á sólarhring en leyfileg hámarksafköst samkvæmt gildandi starfsleyfi eru 1.400 tonn á sólarhring. Hráefni til framleiðslunnar hefur aðallega verið í formi loðnu og kolmunna. Hin síðari ár hefur verksmiðjan tekið á móti 35.000-65.000 tonnum af hráefni á ári.

Verksmiðjan er staðsett í útjaðri byggðar við sunnanverðan Seyðisfjörð. Löndun og afskipanir afurða fara fram á verksmiðjusvæðinu. Samkvæmt Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 er verksmiðjan á skilgreindu hafnarsvæði.

Staðsetningu verksmiðjunnar má sjá á meðfylgjandi aðalskipulagsuppdrætti Seyðisfjarðarkaupstaðar (mynd 1).

b Afrit af staðfestu deiliskipulagi

Verksmiðjan hefur verið starfrækt í tugi ára. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á verksmiðjunni frá gerð núverandi starfsleyfis hafa fyrst og fremst snúið að tækjabúnaði en ekki húsakosti. Því ætti ekki að vera þörf á sérstöku deiliskipulagi af verksmiðjusvæðinu en slíkt skipulag liggur ekki fyrir. Á mynd 2 má sjá loftmynd sem sýnir staðsetningu fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar.

c Lýsing á staðhættum við vinnslustað

Eins og fram hefur komið er verksmiðjan í útjaðri byggðar við sunnanverðan fjörðinn. Láglandi er lítið og brattar fjallshlíðar ofan við verksmiðjusvæðið. Fyrir vikið er svæðið flokkað sem hættusvæði ofanflóða á skipulagi.

d Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnunum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd

Hráefni til framleiðslu fiskimjöls er bræðslufiskur frá fiskiskipum eða fiskafskurður frá uppsjávarvinnslu.

Hjálparefni sem notuð eru við framleiðsluna eru eftirfarandi:

- Til þrifa: vítissóði, saltpéturssýra, saltsýra, klórefni og sápur.
- Til rotvarnar: ediksýra, maurasýra og mjúksýra (blönduð ediksýra).

Að auki eru notaðir mjölsekkir og smurefni.

Olíunotkun verksmiðjunnar hefur minnkað með breytingum á tækjabúnaði sem ráðist var í. Nú eru notuð um 200-280 kWst af raforku fyrir hvert hráefnistonn og um 20 kg af svartolíu.

e Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.

Ýmis brunagös myndast við brennslu svartolíu í verksmiðjunni sem berast út í andrúmsloftið, svo sem brennisteinssambönd, gróðurhúsalofttegundir á borð við CO₂, sót og mögulega fjölhringja arómatísk kolvetnissambönd (PAH).

Með rafvæðingu verksmiðjunnar hefur olíunotkun minnkað um allt að 50% á hvert unnið hráefnistonn eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á tækjabúnaði. Gera má ráð fyrir að magn brunagasa hafa minnkað í sama hlutfalli. Af þessu leiðir að loftmengun er minni eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Breytingar á lyktarmengun við þær breytingar á tækjabúnaði verksmiðjunnar sem lýst hefur verið hér að framan eru frekar til minnkunar ef eitthvað er. Verksmiðjan er því betur í stakk búin til þess að vinna fyrr stóra farma og minnka þannig líkur á að hráefni skemmist meðan á vinnslu stendur með tilheyrandi lyktarmengun.

Í frárennsli verksmiðjunnar er fyrst og fremst um að ræða losun lífræns efnis (COD), fitu og svífefna.


- f Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun
- Reynt er að lágmarka mengunarefni og lykt frá verksmiðjunni eins og kostur er. Notaður er hreinsibúnaður sem krafist er af heilbrigðisyfirvöldum. Afsog er frá öllum helstu einingum í blautvinnslu, s.s. sjóðurum, pressum, skilvindum, sniglum og tönkum. Einnig er vatnsgufa frá gufupurrkara leidd í gegnum þvotta- og þéttiturna sem tilheyra heitloftspurrkarasamstæðu verksmiðjunnar eftir að varminn úr vatnsgufunni hefur verið nýttur til forhitunar á hráefninu. Afsog er síðan brennt ásamt lekalofti loftpurrkara í brunahólfum loftpurrkara (lágmark 800°C í 1/3 úr sek). Brenndu afsogi ásamt því umframlofti sem þarf til brennslunnar er því næst leitt í reykháfa.
- Allt frárennsli frá verksmiðjunni er leitt í hreinsibúnað og fitugildru og fita og föst efni eru tekin til vinnslu í verksmiðjunni.
- h Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið
- Innra eftirlit verður áfram eins og tilgreint er í kafla 4 í nógildandi starfsleyfi.
- i Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á
- Eins og fram kemur í grein 3.14 í nógildandi starfsleyfi verður dregið skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar (sjá grænt bókhald Síldarvinnslunnar, dags. 28. maí 2013).
- j Lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna
- Úrgangur er fyrst og fremst sori úr olíuskilju, umbúðir, timbur og brotajárn til endurvinnslu auk efnis sem skilað er til urðunar.
- k Lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.
- Eins og fram kemur í grein 4.3 í nógildandi starfsleyfi hefur fyrirtækið útbúið viðbragðsáætlun til að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðrar mengunar. Viðbragðsáætlunin er hér með í fylgiskjali. Auk þess vinnur fyrirtækið að því að auka gæði hráefnis og stuðla þannig að minni loft- og sjávarmengun.

Meðfylgjandi umsókn þessari er greinargerð um starfsemi verksmiðjunnar þar sem fram koma helstu upplýsingar um meðhöndlun hráefnis, varnir gegn mengun, eftirlit og tæknilegar upplýsingar. Með þessari greinargerð er grein 10.3 í reglugerð nr. 785/1999 uppfyllt, en þar er farið fram að gerð samantektar um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Óski Umhverfisstofnunar eftir frekari upplýsingum mun Haukur Einarsson hjá Mannviti sjá um þann þátt fyrir hönd framkvæmdaraðila.

Virðingarfyllt

F.h. Síldarvinnslunnar hf.



Haukur Einarsson

Mannvit hf.

Fylgiskjöl

- Greinargerð um starfsemi verksmiðjunnar
- Viðbragðsáætlun



SEYÐISFJÖRÐUR - AÐALSKIPULAG 2010-2030

SVETARFÉLAGIÐ - MÆLIKVADI 1:50.000

100 hektar



LANDNOTKUN

- NETTÚLI
- BUDARSVEIÐ
- SVÆÐI FRIÐFRÉTTUNARFÉLÐS
- VIRKUNAR- OG HÖNNUNARVEIÐ
- MEIÐVEIÐ
- SVÆÐI FRIÐFRÉTTUNARFÉLÐS
- ATVIRKUNARVEIÐ
- HEIMARVEIÐ
- HEIMARVEIÐ
- FRYÐINGAR- OG HÖNNUNARVEIÐ
- GRÖN SVÆÐI TIL HÉRSTAKRA NOTA
- ÖRNGIÐ SVÆÐI
- LANDFRÓÐARVEIÐ
- BLÓNDIÐ LANDNOTKUN
- SKÓL, ÁR, VÖTN OG LÆSER
- LÍFSTÖÐULLÖG
- KENNISLEIÐARVEIÐ

ÝMIS TÁKN

- MÖRK SVETARFÉLAGS
- JARÐARÖRK
- STOFNVEIÐ
- TENGIVEIÐ
- AFTRÁR VEIÐIR - TIL SKÝRINGAR / EKKI TIL STAÐHÉTINGAR
- ÖRNGIÐ SVÆÐI / ÖRNGIÐ SVÆÐI
- REIÐSTÍGAR / REIÐSTÍGAR
- RAFVEITA ÖFANVARÐAR
- RAFVEITA Í JÖRÐ
- SÍMÁLINA ÖFANVARÐAR
- SÍMÁLINA Í JÖRÐ, FÉLLUR AD MISTU Í VEGI
- LAUSLEIÐAR
- SÆTRENGLUR - FARKI
- SVINNSVEIÐ
- SKÓL / ÚTIRAS
- HÖL / BYGGING
- HÖL / EYÐI / RÖÐ
- JÖRNLEIÐAR
- JARÐGÖNG
- VTT
- ÖTUNNISTADUR
- TRÁSKETT
- LANDINGARSTADUR
- SNIÐFLÓVAHVARNGARÐAR
- AURKENDVAHVARN
- STÓÐVAHVARN
- ADVEITA
- STELLA

SKÝRINGAR ÖPINNA SVÆÐA

- KIRKJUGARÐUR
- BRÓTTAVÖLLUR
- GERFAGRAVÖLLUR
- BLASTARÍ VEG BRÓTTAVÖLL / KIRKJUGARÐ
- GRÍPÖLLUR
- FRÉTTI TIL HÖNNUNARSKUL
- TJALDSTÆRI
- SKÓLDGARÐUR
- SEIÐASVEIÐ

VERNDARSVÆÐI OG SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

- HAFTUSVEIÐI ÖRANLÖDA
 - HAFTUSVEIÐ C (ÖRNGIÐ SVÆÐI)
 - HAFTUSVEIÐ B (ÖRNGIÐ SVÆÐI)
 - HAFTUSVEIÐ A (ÖRNGIÐ SVÆÐI)
 - STANARSKETTA 30 AF 10.000 Á ÁR - 12NA
 - STANARSKETTA 10 AF 10.000 Á ÁR - 12NA
 - STANARSKETTA 0,5 AF 10.000 Á ÁR - 12NA
 - ÚTLÍKUR HAFTUSVEIÐS
- VATNSVERNDARSVÆÐI
 - REGNSVEIÐ
 - GRANSVEIÐ (ÖRNGIÐ SVÆÐI)
 - FRÓÐSVÆÐI (ÖRNGIÐ SVÆÐI)
 - MÖRK VATNSVERNDARSVÆÐA
- HYVURVERNDARSVÆÐI
 - HYVURVERNDARSVÆÐI (HÖDABYGGIÐ)
- NÁTTÚRVERNDARSVÆÐI
 - SVÆÐI Á NÁTTÚRLEIÐA ÖRNGIÐ SVÆÐI
 - MÖRK SVÆÐI Á NÁTTÚRLEIÐA ÖRNGIÐ SVÆÐI
 - MÖRKIN ÖRU ÁKTUÐ OG EKKI TIL ÖFIRREIÐYNDIS

VINDRÖS - SEYÐISFJÖRÐUR

1.1.1994 - 31.12.2003, alla mínútur, fjórir átt. Hæðarlöki meðlag: 43000 - 1000 - 2,0 %



DÉTTBYLID - MÆLIKVADI 1:10.000



ADALSKIPULAGS SEYÐISFJARÐAR 2010 - 2030

SKIPULAGSGÖGN: SKIPULAGSOPERATÖR - DAGSETTUR OKTÓBER 2010
 GRUNNLAGIÐ - STAÐSETT OKTÓBER 2010

SAMÞYKKTIR: AÐALSKIPULAGIÐ HÉTTA SEM AUKSÝTTIÞYÐUR VERIÐ SV. 18. GA.
 SKIPULAGS- OG FÖGUNGARLAGIÐ NR. 75/1997, SEM HÉTTAÐIÞYÐIÐAGUM,
 VAS SAMPT. ÖRNGIÐ SVÆÐI TIL HÉRSTAKRA NOTA. 1/19 2010

ADALSKIPULAGIÐ HÉTTA VAS AFGRETT AF ÖRNGIÐ SVÆÐI ÖRNGIÐ SVÆÐI
 STAÐHÉTINGAR (SAMHYFURSEÐIÐHÉTTA) DANN. 19. MAJ 2010
 Björn Kristleifsson, Form. 29. Desember 2010

ADALSKIPULAGIÐ HÉTTA VAS STAÐSETT AF ÖRNGIÐ SVÆÐI ÖRNGIÐ SVÆÐI HANNA
 20/12, 2010
 Þórunn Jóhanna, Form. 20. Desember 2010

Björn Kristleifsson Arkitekti - Október 2010

KORTAGRUNNUR

UPPRÆTTIR Í M. 1:50.000 OG 1:10.000 / REIÐ SVÆÐASTOFU BLANCKI 1:0 / HINTAKERFI 2009
 HEIMLÉNDR. 10.000_20 m. OG 10.000_2 m. / UPPRÆTTIÐ Í M. 1:10.000 HANNAST VEG 120 m. 1000 m. VESTDALAN
 VÍÐVANGUNDIR SEYÐISFJARÐAR UNNIN AF VERKFRÉTTI ÖRNGIÐ SVÆÐI ÖRNGIÐ SVÆÐI ÖRNGIÐ SVÆÐI
 GRAFÍSK UPPTÆNING UNNIN AF KRISTLEIF ÁGADIRÍÞI OG AÐORÞILLUSTRAÐURCSJ

Mynd 1 Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030.



Mynd 2 Loftmynd af Seyðisfirði. Fiskimjölsverksmiðja Sildarvinnslunnar er merkt inn á myndina (tekið af kortagrunni www.ja.is).